

Áfangamarkmið úr Aðalnámskrá

Náttúrufræði

Eðlisvísindi - Að búa á jörðinni

- gera sér grein fyrir mikilvægi þess að hafa aðgang að hreinu vatni, hvaðan vatnsmengun kemur, áhrifum hennar og hvað megi gera til að draga úr henni
- gera sér grein fyrir mikilvægi heilnæms andrúmslofts, hvaðan loftmengun kemur, áhrifum hennar og hvað megi gera til að draga úr henni

Eðlisvísindi - Bygging og eiginleikar efnis

- átta sig á muninum á föstum efnum, vökvum og lofttegundum með tilliti til hreyfinga sameinda

Eðlisvísindi - Bylgjur og rafmagn

- skilja hvernig mismunandi hitastig hefur áhrif á efni og hluti

Eðlisvísindi - Efnabreytingar

- skilja að sérhvert efni getur breytt um ham
- skilja hvað hugtökin bræðslumark og suðumark merkja

Eðlisvísindi - Kraftur og hreyfing

- gera sér grein fyrir að vélar, svo sem tannhjól, gírar, öxlar og trissur, eru tæki sem hjálpa með því að margfalda krafta og að í þeim tapast alltaf orka
- átta sig á hugtökunum vegalengd, tími og hraði

Eðlisvísindi - Orka og orkuform

- öðlast skilning á hugtökunum varmi og hitastig og geta tengt þau við daglegt líf
- þekkja þá orkugjafa sem mest eru notaðir á Íslandi

Jarðvísindi - Að búa á jörðinni

- þekkja þekktar eldstöðvar og áhrif þeirra í heimabyggð

Jarðvísindi - Mótun jarðar

- gera sér grein fyrir dreifingu eldvirkni og jarðhræringa á Íslandi og afleiðingum þessara fyrirbæra
- þekkja í stórum dráttum jarðsögu Íslands
- gera sér grein fyrir áhrifum hafsins á lífsskilyrði og veðurfar
- gera sér grein fyrir hvernig frost, jöklar, vindar, hafið og vatnsföll móta landslag í heimabyggð

Jarðvísindi - Orka jarðar

- gera sér grein fyrir orsökum mismunandi veðurfars og loftslags

Jarðvísindi - Uppbygging jarðar

- gera sér grein fyrir hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og hvernig landrek getur orsakað jarðskjálfta og eldgos

Lífvísindi - Að búa á jörðinni

- sýna ábyrgð á íslenskri náttúru og gera sér grein fyrir sérstöðu hennar
- gera sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengi hans við náttúruna

Lífvísindi - Lífverur

- átta sig á að nauðþurftir allra lífvera eru nánast þær sömu
- gera sér grein fyrir að þær lífverur, sem eru best aðlagðar umhverfinu, eru hæfari en aðrar til að lifa af og fjölga sér
- þekkja að flest í fari dýra hefur einhvern tilgang, svo sem mökunaratferli, fuglasöngur og árstíðabundnar ferðir fugla og fiska

Lífvísindi - Mannlíkaminn

- skilja ábyrgð sína á eigin heilsu og möguleikum sínum til að koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma
- gera sér grein fyrir hvernig mannlíkaminn nýtir fæðuna og fær úr henni orku